


### *Bæn / Faðir vor*

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,  
hnígur að ægi gullið röðulblys.  
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,  
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnsins fró.  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn ljúfi blær.  
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.  
Draumgyðja ljúfa, ljá mér vinarhönd,  
og leið mig um þín töfragæstu friðarlönd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnsins fró.  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.  
*Forster - Jón frá Ljárskógum*

### *Moldun*



### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjógvun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði, - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lifí í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristí krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt. <i>Hallgrímur Pétursson</i>
---	---

### *Blessun*

### *Eftirspil*

*Largo*  
*Hendel*

*Prestur: sr. Ólöf Margrét Snorradóttir*  
*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*  
*Söngur: Kammerkór Akraneskirkyju*  
*Útfararþjónusta Akraneskirkyju*

*Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug og býður  
viðstöddum að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu  
Vinaminni að athöfn lokinni.*



## *Páll Ingólfsson*

*Fæddur 24. september 1940*  
*Dáinn 20. febrúar 2022*



*Útför frá Akraneskirkyju*  
*föstudaginn 4. mars 2022*

## Forspil

Slá þú hjartans hörpu strengi

J.S. Bach

## Bæn

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: ∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴ hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: ∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴ hærra til þín.
---	---

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörmur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴  
hærra til þín.  
*Adams - Matthías Jochumsson*

## Ritningarorð



Smávinir fagrir, foldarskart, fífill í haga, rauð og blá brekkusóley, við mættum margt muna hvort öðru að segja frá.	Faðir og vinur alls, sem er, annastu þennan græna reit. Blessaðu, faðir, blómin hér, blessaðu þau í hverri sveit.
---	--

Vesalings sóley, sérðu mig?  
Sofðu nú vært og byrgðu þig.  
Hægur er dúr á daggarnótt.  
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!  
*Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson*

## Ritningarorð

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjarlástúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó  
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrri' í fjarska villtan vængjaþyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.  
*Atli Heimir Sveinsson - Davíð Stefánsson*

## Guðspjall

Undir háu hamra belti  
höfði drúpir lítil rós.  
þráir lífsins vængja víddir  
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan  
hjartasláttinn rósin mín.  
Er kristallstærir daggardropar  
drjúpa milt á blóðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað,  
krjúpa niður kyssa blómið  
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað  
yndislega rósin mín.  
Eitt er það sem aldrei gleymist,  
aldrei það er minning þín.  
*Fríðrik Jónsson -  
Guðmundur Halldórsson*



## Minningarorð

Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína,  
þakkarklökkva kveðjugjörð,  
kveð ég líf þitt, móðir jörð.  
Móðir bæði mild og hörð,  
mig þú tak í arma þína.  
Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína.

Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga!  
Engið, fjöllin, áin þín,  
– yndislega sveitin mín! –  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga!

*Sigurður Jónsson frá Arnarvatni*

